



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel og matvælaskólinn Leiðsöguskólinn

apríl 2025

TIL ÚTSKRIFTARNEMENDA MENNTASKÓLANS Í KÓPAVOGI VOR 2025

Meðfylgjandi eru gagnlegar upplýsingar í tengslum við útskrift vorannar 2025

TIL ALLRA ÚTSKRIFTAREFNA

Útskrifað er föstudaginn 23. maí kl. 14, í Digranes Kirkju.

Æfing fyrir útskrift er miðvikudaginn 21. maí kl. 12:00.

Það er afar mikilvægt að þau útskriftarefni sem ætla að vera viðstödd athöfnina mæti á æfingu á miðvikudeginum svo allt fari nú vel fram á stóra deginum.

KLÆÐNAÐUR

Það mæta auðvitað allir í sínu besta þússi. Það er gömul hefð að stúdentar úr bóknámi setja upp hvítan koll, iðnnemar vínrauðan koll og nemendur starfsbrautar grænan koll.

GESTIR

Útskriftarefni mega bjóða í athöfnina að hámarki 3 gestum. Útskriftarefni sitja fremst í kirkjunni og er þeim raðað eftir stafrófsröð innan brauta/deilda. Einmitt þess vegna er gott að mæta á æfinguna á miðvikudeginum.

Það er afar mikilvægt að mæta stundvíslega í athöfnina því það tekur tíma að raða öllum til sætis samkvæmt skipulagi. Það er líka góð hugmynd að mæta ekki með tóman maga, það getur bara valdið auknu álagi og streitu.

Ef útskriftarefni geta af óviðráðanlegum ástæðum ekki verið viðstödd útskrift, verður að tilkynna það á skrifstofu skólans eða með því að senda tölvupóst á mk@mk.is

Gert er ráð fyrir að athöfnin taki um 1,5 klst.

KÓPAMESSA - DIMMISSION:

Skólinn býður öllum útskriftarefnum í glæsilegan morgunverð síðasta kennsludag, miðvikudaginn 30. apríl. Þá mæta nemendur kl 8:20 í Sunnusal og eiga skemmtilega stund með starfsfólki skólans. Útskriftarefni fá frjálsa mætingu í skólann þennan dag en oftlega hafa nemendahóparnir tekið sig saman í framhaldi af Kópamessunni, gert sér glaðan dag saman og málað bæinn rauðan (ekki of rauðan samt). Það er nemenda að skipuleggja það.

Tvö fyrirtæki framleiða og selja útskriftarhúfur, P.Eyfeld og Formal. Hægt er að hafa samband við þessi fyrirtæki og athuga húfur fyrir útskrift ef ekki er nú þegar búið að ganga frá pöntun.